

KONUNGSBRJEF

um

þingsuppsögn.**3**
12. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer viljum hjermeð veita yður sem Vorum forsætis-
ráðherra fyrir Ísland umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slit-
ið, þá er þingið hefir lokið störfum sínum nú bráðlega.

Ritað á Amalíuborg, 12. maí 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

LÖG

um

**heimild fyrir rikissjórnina til að ganga inn í viðbótarsamning við
myntsamning Norðurlanda.****4**
15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilað að ganga inn í viðbótarsamning þann við
myntsamning Norðurlanda frá 27. maí 1873 með viðaukasamningi frá 16. okt.

4 1875, sem Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa gert með sjer 22. mars 1924 15. júní og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Skiftimynt, sem ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hafa látið slá samkvæmt myntsamningi, dags. 27. maí 1873, viðaukasamningi, dags. 16. okt. 1875, ásamt viðaukagreinum, hættir að vera löglegur gjaldeyrir á Íslandi 6 mánuðum eftir að auglýst verður fullgilding á inngöngu Íslands í viðbótarsamning þann, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR

við myntsamninginn frá 27. maí 1873 og viðaukasamning frá 16. okt. 1875.

1.

Heimilt skal fjármálastjórn hvers ríkis, án þess að myntsamningurinn og síðari viðaukagreinir við hann skuli vera því til fyrirstöðu, að láta slá á sinn kostnað skiftimynt, er löglegur gjaldeyrir sje aðeins í því ríki, er slá lætur myntina.

Það ríki, er kosta lætur sláttu skiftimyntarinnar, setur og fyrirmæli um áletraða fjárhæð hennar, hversu málmum er háttað, um þunga hennar, lögum og mótum; þó skal myntin að gerðinni til vera greinilega frábrugðin þeim skiftimyntum, sem hingað til hafa verið slegnar samkvæmt samningnum.

Sú mynt, sem slegin er í samræmi við samninginn, skal einnig talin löglegur gjaldeyrir aðeins í skiftum innanlands í hverju einstöku ríki, með því móti, að gat sje slegið í eða gerð myntarinnar með öðrum jafngreinilegum hætti auðkend svo, að frábrugðin sje upphaflegri gerð.

2.

Ákvæðum samningsins og viðaukagreinum hans verður ekki beitt á þá skiftimynt, sem eingöngu er löglegur gjaldeyrir innanlands í hverju ríki um sig samkvæmt 1. gr. þessa viðbótarsamnings; þó skal hver mynt bera það með sjer, handa hverju ríki, af hverri myntsmiðju og á hvaða ári slegin sje.

3.

Fjármálastjórn hvers ríkis tjáir fjármálastjórn hinna ríkjanna öll þau lög, tilskipanir og fyrirmæli, sem sett kunna að verða um sláttu skiftimynta þeirra, er einungis skuli vera löglegur gjaldeyrir innanlands. Jafnframt skal sent uppkast að og sýnishorn af öllum slíkum skiftimyntum.

4. Skiftimynt, sem slegin hefir verið í einhverju ríkjanna samkvæmt samningnum og viðaukagreinum hans, skal hætta að vera löglegur gjaldeyrir í hinum ríkjunum, þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er viðbótarsamningur þessi öðlaðist gildi.

5. Þessi viðbótarsamningur heldur gildi, til þess er eitt ár er liðið frá þeim degi, er eitthvert ríkjanna hefir sagt upp.

Að liðnum uppsagnarfresti skal þó skiftimynt, sem samkvæmt samningnum og viðaukagreinum hans er slegin í einhverju ríkjanna, ekki ná að verða löglegur gjaldeyrir aftur í hinum ríkjunum, og ekki skal heldur skiftimynt, sem samkvæmt 1. gr. þessa viðbótarsamnings er aðeins löglegur gjaldeyrir innanlands í hverju ríki um sig, missa við þetta lögeyrsgildi sitt.

6. Viðauki þessi skal staðfestur jafnskjótt sem löggjafarþing þeirra ríkja, er hlut eiga að máli, hafa goldið samþykki við og staðfestingunum síðan komið fyrir til geymslu í Kristjáníu jafnskjótt sem við verður komið.

Viðaukinn öðlast gildi daginn eftir að honum hefir verið komið fyrir til geymslu staðfestum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.